

Samþykktir fyrir Beint frá býli – félag heimavinnsluaðila

1. grein

Félagið heitir Beint frá býli – Félag heimavinnsluaðila, skammstafað BFB.

Heimili og varnarþing er heimili formanns hverju sinni. Starfssvæði félagsins er allt Ísland.

2. grein

Tilgangur félagsins er að hvetja til heimavinnslu og sölu, einnig vinna að hagsmunum þeirra bænda sem stunda eða hyggjast stunda hverskonar framleiðslu og sölu á heimaunnum afurðum. Meginmarkmið félagsins er að tryggja neytendum gæðavörur þar sem öryggi og rekjanleiki vöru er í fyrirrúmi. Félagið skal einnig hvetja til varðveislu hefðbundinna framleiðsluaðferða og kynningar á svæðisbundnum hráefnum og hefðum í matargerð öllum neytendum til heilla og hagsbóta.

3. grein

Rétt til aðildar að félaginu hafa þeir einstaklingar og lögaðilar sem stunda eða hyggjast stunda framleiðslu og sölu á heimaunnum afurðum á lögbýlum. Sé um lögaðila að ræða skal tilkynna stjórn hver sé þar forsvarsmaður. Styrktaraðilum er heimil þátttaka með málfrelsi og tillögurétt en án atkvæðisréttar á aðalfundi. Stjórn félagsins er heimilt að taka við frjálsum framlögum fjármuna frá styrktarfélögum og velunnurum sínum. Félagsgjald skal ákveða á aðalfundi. Forsendur aðildar er að félagi standist samþykktir aðalfunda. Úrsögn úr félaginu skal skila skriflega til stjórnar.

4. grein

Stofnfélagar 'Beint frá býli – Félag heimavinnsluaðila' eru allir þeir sem gerast félagsmenn fyrir 1. maí 2008.

5. grein

Stjórn félagsins skipa 3 stjórnarmenn og skulu þeir kjörnir á aðalfundi til eins árs í senn. Stjórnin skiptir með sér verkum. Stjórnarmenn geta mest setið í 3 ár í senn en geta tekið kjöri á ný eftir árs hlé. Að loknu kjöri aðalmanna í stjórn skulu 3 varamenn kjörnir. Varamenn skulu boðaðir á stjórnarfundi og fá sendar fundargerðir. Kjörnir skulu 2 skoðunarmenn reikninga úr hópi félagsmanna.

6. grein

Aðalfund félagsins skal halda fyrir apríllok ár hvert. Skal fundurinn auglýstur opinberlega og jafnframt boðaður öllum félagsmönnum skriflega með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara. Sérhver félagismaður (forsvarsmaður lögaðila, ef um slíkan er að ræða) fer með eitt atkvæði á aðalfundi. Aðalfundur er lögmatetur sé hann sannanlega auglýstur með löglegum fyrirvara. Reikningsárið er almanaksárið.

Dagskrá aðalfundar:

1. Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi á liðnu ári.
2. Endurskoðaðir reikningar félagsins fyrir síðastliðið ár lagðir fram til afgreiðslu.
3. Kosning aðalstjórnar og varastjórnar.
4. Kosning tveggja skoðunarmanna.
5. Árgjald ákveðið.
6. Önnur mál sem félagið varðar.

7. grein

Samþykktum þessum má aðeins breyta á aðalfundi félagsins og þarf til þess 2/3 atkvæðisbærra fundarmanna.

8. grein

Félaginu verður ekki slitið nema að 2/3 hlutar mættra félaga á aðalfundi samþykki og skal tillaga að slitum auglýst sérstaklega í fundarboði. Skulu eigur þess renna til góðgerðamála. Síðasti aðalfundur BFB ákveður til hvaða góðgerðamála eigum félagsins verður ráðstafað.

Samþykkt á stofnfundi Beint frá býli – Félag heimavinnsluaðila þann 29. febrúar 2008.